



# Tannlæknafélag Íslands

Fréttabréf 4. tbl. maí 2010

## Lagast hlutirnir nokkuð? Hefur eitthvað breyst til batnaðar?

Á undanförunum árum höfum við sem störfum að tannlækningum þurft að horfa upp á stöðugar skerðingar tryggingakerfisins til handa skjólstæðingum okkar. Kerfisbundið hefur verið dregið úr endurgreiðslum til tannlækninga. Þetta hefur gert með því að uppfæra ekki gjaldskrá ráðherra í takt við verðlagsþróun eins og við þekkjum. Höfum við stundum spurt okkur hvers vegna þetta er svona en í raun ekki fundið nein svör við því. Er þetta gert viljandi? Þótti mönnum útgjöld ríkisins til tannlækninga kannski of mikil hérna áður og haft knýjandi þörf til að draga úr þeim? Voru heimilin svo tekjuhá að ekki þurfti styrk ríkisins, varla. Þrátt fyrir að afgangur hafi verið af fjárlögum til tannlækninga ár eftir ár datt embættismönnum ekki í hug að auka endurgreiðslur eða réttindi fólks. Hér var almenningur svikinn um fjárveitingu Alþingis til tannlækninga. Hver ber ábyrgð á því? Í góðærinu glataðist einnig fullkomið tækifæri fyrir heilbrigðisyfirvöld að koma tannlæknamálum í viðunandi horf en því miður sváfu yfirvöld á verðinum í þessum málum eins og svo mörgum öðrum. Stjórn Tannlæknafélagssins tókst að ná örlitlum samningi við heilbrigðisyfirvöld árið 2007 og kosningaloforð í kjölfarið lofuðu góðu. Hvað var gert? Samþykkt voru á Alþingi Íslendinga ný lög um sjúkratryggingar(112/2008), sem gera ekki ráð fyrir að samið sé við t.d. Tannlæknafélagið og komið á laggimar nýrri stofnun sem átti síðan að semja við hvern og einn tannlækni eða einhver fyrirtæki, ekki endilega í eigu tannlækna. Ég spyr nú bara er ekki allt í lagi, loksins þegar smávægilegir samningar við Tannlæknafélagið eru gerðir, er lögunum breytt þannig að Tannlæknafélagið er ekki lengur samningsaðili. Varla hægt að segja annað en að yfirvöld séu að skjóta sig í fótinn með þessu. Segja að erfitt sé að semja við tannlækna, ná samt "litlum" samningi 2007 en breyta þá lögum til þess að ekki sé hægt að semja við Tannlæknafélagið lengur. Þrátt fyrir að engir samningar séu lengur gerðir við Tannlæknafélagið fer töluverður tími stjórnar félagsins í útboð og þau skilyrði sem þar er að finna og einstaka tannlækna eru aðilar að. Þetta vekur upp spurningar um hlutverk félagsins, hvort Tannlæknafélagið eigi yfir höfuð að skipta sér af þessari aðferð yfirvalda, hvort við eigum að gera yfirvöldum til geðs að skipta okkur af þessu. Ég skora heilbrigðisráðherra að breyta þessu fyrirkomulagi, semja verður við félagið. Annað veldur endalausum uppákomum og upplausn mála.

### Reglugerð 190/2010.

Á fyrsta fundi sem núverandi heilbrigðisráðherra, Álfheiður Ingadóttir, átti með stjórn Tannlæknafélagssins 10. nóvember 2009 gerði ég henni grein fyrir afgangi af fjárlögum til tannlækninga sem náði nánast áratug aftur í tímann. Virtist henni nokkuð brugðið við þessar upplýsingar og fékk frá mér skjal með þessum upplýsingum. Hvort þessar upplýsingar hafi eitthvað haft um það að segja að ákveðið var að auka endurgreiðslur til barna með alvarlega fæðingargalla veit ég ekki en svigrúm var svo sannarlega til staðar. Má spyrja sig hvers vegna engin af fyrri heilbrigðisráðherrum þessa lands leysti þessi ómurlegu mál fyrr. Á ráðherrann svo sannarlega hrós skilið fyrir að beita sér í þessu máli. Þessi nýja reglugerð afhjúpar hins vegar svo sannarlega vandann sem fylgir núverandi ráðherragjaldskrá sem sett var árið 2002 í óþökk tannlækna. Ráðherragjaldskráin inniheldur allt of fáa aðgerðarlíði og er ekki til þess fallin að gera tannlæknum kleift að færa nákvæma sjúkraskrá eins og lög gera ráð fyrir. Búið er að steypa saman aðgerðum og ýmsar aðgerðir eru hreinlega ekki fyrir hendi þannig að ómögulegt er að uppfylla skilyrði reglugerðar 190/2010 um 95% endurgreiðslu ef styðjast á við ráðherragjaldskrána.

Hætta er á að verið sé að takmarka reglugerðina en það er svo sannarlega ekki vilji ráðherra.

### Fagnefnd S.Í. og sameiginleg viljayfirlýsing.

Skipuð hefur verið Fagnefnd S.Í. sem hefur það hlutverk að fara yfir umsóknir um endurgreiðslur vegna reglugerðar 190/2010. Ef vafi leikur á endurgreiðslu mun fagnefndin taka afstöðu til umsókna. Hér er nýmæli en áður hefur málum sem S.Í. hefur hafnað eingöngu verið hægt að skjóta til úrskurðarnefndar almannatrygginga. Ég tel þetta vera mikilvægt skref fyrir okkur tannlækna og breiðari grundvöllur samstarfs. Hins vegar á eftir að reyna á þessa aðferð og mun tíminn leiða í ljós hvernig til tekst. Í fagnefndinni eru tveir nefndarmenn frá S.Í. og tveir nefndarmenn frá tannlæknaeild Háskóla Íslands. Frá S.Í. koma Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir, lögfræðingur og sviðsstjóri tryggingasviðs og Reynir Jónsson tryggingatannlæknir. Ingibjörg mun jafnframt verða formaður nefndarinnar. Frá tannlæknaeild koma Teitur Jónsson dósent og Jón Viðar Arnórsson lektor.

Til að bæta úr þeirri brýnu þörf að yfirfara og samræma aðgerðarskrá tannlækna hafa Sjúkratryggingar Ísland, Tannréttingafélag Íslands og Tannlæknafélag Íslands sammælt um skipan samstarfsnefndar til að þessa verkefnis. Nefndin er skipuð sex fulltrúum, tveimur frá hverjum aðila. Markmiðið er að notkun aðgerðarlíða, efnis og íhluta sé jafnan í samræmi við almennt viðurkennt verklag tannlækna. Stefnt er að því að nefndin skili áfangaskýrslu 1. október 2010 og ljúki störfum 1. desember 2010. Tannlæknafélagið hefur tilnefnt þá Bjarna Elvar Pjéttursson og Svend Richter sem sína fulltrúa. Tannréttingafélag Ísland hefur tilnefnt þau Gísli Vilhjálmsson og Solveigu Huldu Jónsdóttur.

### Stefnumótun Tannlæknafélagssins.

Vinnu stefnumótunarhóps tannlæknafélagssins er nú nánast lokið. Töluverð vinna liggur að baki og eiga nefndarmenn miklar þakkar skildar. Hefur félaginu tekist að sýna frumkvæði og er ætlunin að senda félagsmönnum afrakstur þessarar vinnu þegar henni er lokið. Í framhaldinu er hugmyndin að kynna þessa vinnu fyrir þeim sem bera ábyrgð á stefnumótun í heilbrigðiskerfinu og jafnvel fleiri aðilum sem láta sig tannheilbrigði varða.

### Til batnaðar.

Þessi nýmæli sem rakin hafa verið hérna að framan vekja örlitla von um að okkur verði eitthvað ágengt. Nú reynir á Sjúkratryggingar Íslands að standa við viljayfirlýsingu um að koma á ítarlegri og nútímalegri aðgerðarskrá sem tannlækna geta unað við. Sameiginleg aðgerðarskrá tannlækna og yfirvalda er grundvöllur hnökralausra samskipta milli aðila sem hægt er að nota til frekari ávinnings.

Sigurður Benediktsson, formaður TFÍ.

## 26. Ársþing TFÍ "Tannlækningar 2010 - Nýjungar"

Verður haldið dagana 12. og 13.  
nóvember n.k. á Hilton Nordica.

Fyrirlesarar á ársþinginu  
verða allir íslenskir.

## Formannafundur í Stokkhólmi 22-23 apríl.

Fundurinn var haldinn undir verulega sérstæðum kringumstæðum, okkar ástkæra Ísland var nafli alheimsins og óljóst með flugsamgöngur, þar sem surtur fór sunnan með svigalævi og gerði okkur nútímamönnunum ljóst að í raun og veru ráðum við engu á þessari jörð. Undirrituð var beðin um að mæta á fundinn sem fulltrúi TFÍ í erlendum samskiptum, fyrir Íslands hönd og var það auðsött enda miklir vinir mínir á ferð. Flesland var meira og minna lokað alla vikuna á undan en daginn áður en ég átti flug opnaðist smá glufa og ég ákvað að skella mér degi fyrr og var það fyrir bestu því síðan var ekkert flogið í tvo daga eftir það. Því miður komust Sigurður og Anný ekki og var það skarð fyrir skildi. Þetta var mjög sérkennilegt að ferðast á þessum degi, flugvellir í Flesland og Osló tómir, og þá meina ég galtómir, engar biðraðir ekki neitt. Af öðrum sem áttu að mæta á fundinn var það slíkt að formaður finnska tannlæknafélagsins komst ekki frá Lissabon þar sem hún var föst í viku. Hinir finnarnir komu með bát, því ekkert var flogið. Danirnir komu með lest frá Kaupmannahöfn. Norðmennirnir þrír komu með lest og rútu og formaðurinn kom frá Þrándheimi í tveggja hreyfla vél sem missti afl á miðri leið! Þetta voru því ansi skrautlegar ferðasögur sem menn skiptust á í þetta skiptið.

Það var skítakuldi í Stokkhólmi en Svíar alltaf jafn skemmtilegir og skipulagðir. Það var stór og mikil dagskrá en hér kemur smá samantekt af því helsta sem varðar okkur á Íslandi að mínu mati. Farið var yfir árgjöldin í tannlæknafélögunum og má segja að þar kennir ýmissa grasa. Í Svíþjóð eru 8600 tannlæknar og á skrifstofunni hjá þeim eru 19 stöðugildi. Þeir sem vinna privat borga 20.000 SEK per ár og eru inni í því tryggingar að mér skildist. Hjá Dönum er það 11.000 DKK á ári en þar er mikil símsvörun og lögfræðiaðstoð innifalin, en öll tannlæknafélögin utan okkar hafa minnst 1 lögfræðing í vinnu. Danir hafa 45 ársverk á skrifstofunni hjá sér. Finnarnir hafa 400 Evrur í gjöld á ári og 19 starfsmenn á skrifstofunni, þar virðist lítið vera innifalið í árgjaldinu. Við sem erum í norska tannlæknafélaginu borgum um 6.400 NOK á ári, en þeir sem eru í tveimur skandinavískum tannlæknafélögum borga 85% til þess lands sem þeir starfa í og 15% til hins félagsins.

Það sem virðist vera að skella á með miklum þunga þessi misserin er krafan um að endurmenntun verði skylda. Öll tannlæknafélögin vinna að þessu og það er samdóma álit að það sé betra að tannlæknafélögin séu komin með þetta á hreint áður en það kemur boð að ofan um að þetta verði skylda, því sú krafa kemur fyrr eða síðar. Það er mikil áhersla á þetta en Danir virðast vera komnir lengst í að útfæra þetta.

Krafan um aukið öryggi í skráningu persónuupplýsinga er líka mikið á dagskrá, sérstaklega hér í Noregi. Nú eru tannlæknar í stórum stíl að skrá sig á Norsk Helsenett, sem er fyrirtæki sem er með einkarétt á rafrænni heilsutengdri þjónustu. Þetta þýðir að öll sjúkragögnin eru geymd á einum stað (úti í bæ),

rafrænir lyfseðlar og læknisvottorð, endurgreiðsla er rafræn sem og allar umsóknir og allt frá sama fyrirtækinu. Já heimurinn verður ekki einfaldari!

Danir sögðu frá því að nokkrar stórar tannlæknaeðjur væru farnar að fá ISO vottun en þá er hvert læknisverk skráð í feril og reyndar allt sem gerist á stofunni er gert með ákveðinni aðgerðarlýsingu. Þetta er mjög þunglamalegt í byrjun en menn virðast vera ánægðir með útkomuna. Verð að viðurkenna að persónulega sýnist mér að alltaf fari minni og minni tími til að sinna sjúklingum en pappírsvinna og annað tuð aukist.

Næsti formannafundur verður svo haldinn í Noregi næsta vor og er vonandi að Ísland leiki ekki aðalhlutverkið þá.

Bestu kveðjur úr sólinni í Bergen  
Ingibjörg S. Benediktsdóttir

### Gaman er að vera saman.

Félags og skemmtikvöld var haldið 12. maí s.l. í sal TFÍ og var mæting mjög góð. Tannlækna- og makar þeirra mættu með þeim kl. 18.00 og var gestum boðið upp á freyðivín. Hængur Þorsteinsson spilaði á flygilinn þægilega músík eins og honum er einum lagið. Á meðan tannlækna- og makar félagssfund, hlustuðu gestir á Bergþór Pálsson söngvara flytja erindi um borðsiði og almenna kurteisi. Bergþór er alltaf skemmtilegur og lauk erindi sínu á því að fá viðstadda til að syngja með sér tvö lög við undirleik Hængs. Eldhús sælkerans sá um matföng og var matnum gerð góð skil, veislustjóri var Börkur Thoroddsen, stjórnaði borðhaldi og sagði gamansögur.

Guðjón Kristleifsson sýndi myndir frá veiðiferðum sem hann og kona hans Esther hafa farið í erlendis á undanförunum árum, til Rússlands, Argentínu og Kúpu sem er slær allt út, hann sýndi stórkostlegar myndir sem gaman var að sjá.



Stuðboltarnir Gunnar Rósarsson, Jón Björn Sigtyggsson og Lúðvík Helgason mættu allir með gítara sína og var spilað og sungið í setustofu.

Þetta er skemmtun sem ákveðið hefur verið að verði árlegur viðburður í Tannlæknafélagi Íslands, þ.e. að síðasti félagsfundur vetrarins verði skemmtifundur með mökum og því er tilvalið að árgangar hópi sig saman líkt og einn samheldinn árgangur hefur gert í fyrra og einnig nú.

Gleðilegt sumar!

## FERÐASAGA

Dagana 14-17 apríl sl. var haldið World Symposium ITI í Genf, Sviss. Fjölmargir Íslendingar sóttu þingið ásamt 4000 öðrum ráðstefnugestum. Engan óraði fyrir því, að erfiðleikum yrði bundið að komast heim á ný eftir vel heppnað þing við rætur Alpafjalla. En sama dag og þingið hófst, hófst einnig eldgos í Eyjafjallajökli. Allir vita hvað það hefur þýtt fyrir flugsamgöngur í Evrópu; þar með talið Ísland.



voru úttroðnar af farþegum og engin leið að fá ferðir fyrr en eftir nokkra daga. Hrönn, Sævar heppnina með sér í Genf og fengu bílaleigubíl og opna flugvöll. Hann var ekki mjög nálægt. Jón Magnús Jón, Júlíus og Kjartan Þór leituðu skjóls í almannavarna, sem sett var upp fyrir hrakta svæðinu. Þar voru teppi og koddar auk veitinga Kjartan sá fljótt að vistir og búnaður myndi ekki eyddi því miklu púðri í að finna drossíu sem gæti flutt þá féлага nær opnum flugvelli. Spurningin var hins vegar hvar þann Magnús skipulagði plan B, en eins og allir að vera plan B ef plan A klikkar. Pantaði á Norrænu og hugðist taka Maríu-fíling Miðjarðarhafs. Var ekki laust við að þess að flugsamgöngur legðust alveg af, afsökun fyrir því að fara í alvöru siglingu.

Skemmst er frá þeim félögum stað og haldið norður á prýðilega um þá féлага fara reglulega í langar enda Evran dýr um að keyra.



Það er eitt að lesa um slíkt í blöðum, en að upplifa ringulreiðina og óvissuna í miðri Evrópu og vita ekki hvenær eða jafnvel hvort flugvellir opnast, er annað. Strax á sunnudeginum leituðu menn leiða til komast norðar í Evrópu, þar sem sýnt þótti að öskuskýið myndi færast sunnar og flugvellir myndu frekar opnast í norðri en suðri. Hófst nú sannkallað amazing race, þar sem ekki var vitað hvar lokamarkið væri – stundum í Gautaborg eða Kaupmannahöfn, Osló eða jafnvel Tromsø!



Þrátt fyrir opin greiðslukort (þökk sé Davíð) og mikla aðlögunarhæfni til að passa inn í öll þau farartæki sem til boða stóðu, var málið alls ekki svo einfalt. Lestir lestarmiða í lengri og Gunnar Ingi höfðu tóku strikið á næsta Ólafur, Jón Hjaltalín, samhæfingarmiðstöð íslenska tannlækna á af skornum skammti. duga í langan tíma og

Magnús skipulagði plan B, en eins og allir að vera plan B ef plan A klikkar. Pantaði á Norrænu og hugðist taka Maríu-fíling Miðjarðarhafs. Var ekki laust við að þess að flugsamgöngur legðust alveg af, afsökun fyrir því að fara í alvöru siglingu.

Því að segja að eftir að búið var að púsla ásamt farangri inn í bílinn, var brennt af bóginn. Eins og sjá má á myndunum, fór og eru líkur á því að þessi hópur muni bílferðir um Evrópu – þá í mun minni bíl, þessar mundir. Kjartan hefur tekið að sér

Að lokum er gaman að segja frá því að Sævar, Hrönn og Gunnar Ingi unnu keppnina – komust heim til Íslands aðeins sólarhring á eftir áætlun. Þau fá hins vegar mínusstig fyrir að hafa ekki skilað bílnum í Hamborg.

**2009 gerðu Samninganefnd Tannlæknafélags Íslands og FTAT með sér samkomulag um 3.5% launahækkun er átti að taka gildi 1. júlí 2009. Varð samkomulagið þannig að 1.8% kom á laun 1. ágúst 2009 og 1.7% kemur á laun 1. nóvember 2009 en **2.5% launahækkun** sem átti að taka gildi 1. janúar 2010 færist til **1. júní 2010.****

## Virk endurmenntun íslenskra tannlækna

Af gefnu tilefni viljum við hvetja félagsmenn til að senda inn upplýsingar um námskeið, þing og fyrirlestra sem þeir hafa sótt ef óskað er eftir að það verði metið í VEIT. Nauðsynlegt er að senda inn kvittun fyrir greiðslu, dagskrá og viðurkenningarskjál. Athugið að nýtt tveggja ára tímabil hófst nú um áramót:

### Reglur VEIT

Tilgangur með skipulagðri endurmenntun tannlækna er að stuðla að sem flestir tannlæknar viðhaldi faglegri þekkingu sinni, sjálfum sér og sjúklingum þeirra (skjólstæðingum) til hagsbóta.

1. Endurmenntunarkerfið heitir „Virk endurmenntun tannlækna“ (VEIT).
2. Tannlæknar sem framvísa staðfestingu þess að hafa sótt námskeið, þing og fyrirlestra sem viðurkenndir eru af stjórn VEIT öðlast stig til einingasöfnunar innan VEIT. Einnig gefur lestur sérstakra greina í viðurkenndum fagfimaritum stig til eininga þar sem í lokin er gefinn kostur á að svara spurningum sem byggja á efni greinarinnar. Verður þá að senda spurningalistann til fagnefndar VEIT. Það er alfarið á ábyrgð hvers tannlæknis að skila inn staðfestingum til VEIT-nefndarinnar eða til skrifstofu TFÍ.
3. Árlega eru gefin út viðurkenningarskjöl til handa þeim tannlæknum sem uppfylla skilyrði VEIT. Þau viðurkenningarskjöl er tannlæknum heimilt að senda til Símaskrár í upphafi hvers árs og láta birta stafina „veit“ fyrir aftan nafn sitt í Símaskrá.
4. Til þess að teljast virkur í VEIT þarf tannlæknir að stunda viðurkennda endurmenntun í sem svarar 50 klst. á hverju tveggja ára tímabili. Fyrsta tveggja ára tímabilið eru árin 2002 og 2003. Það þýðir í raun að annað árið þarf hann ekki að ástunda endurmenntun í VEIT en þar af leiðandi í að a.m.k. 50 klst. hitt árið til að teljast virkur í kerfinu.
5. Fagnefnd VEIT er skipuð 3 fulltrúum. Þeir eru:
  - Einn skipaður af stjórn TFÍ.
  - Einn frá tannlæknadeild Háskóla Íslands.
  - Einn kosinn á aðalfundi TFÍ.
6. Formaður nefndarinnar er fulltrúi stjórnar TFÍ. Nefndin er kosin til þriggja ára í senn, utan formaður sem situr í 4 ár nema stjórn TFÍ ákveði annað. Kosning nefndarinnar fer fram á aðalfundi TFÍ.
7. Hlutverk nefndarinnar er að meta þau námskeið, fyrirlestra, þing og greinalestur er gefa stig til eininga í VEIT. Nefndin með aðstoð frá framkvæmdastjóra TFÍ heldur skrá yfir þá tannlækna sem stunda VEIT og sér til þess að í ársbyrjun berist þeim viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku í VEIT.
8. Tannlæknum sem virkir eru í VEIT er heimilt að hengja viður kenningarskjöl sín upp á biðstofum sínum, og mega auk þess auðkenna nöfn sín í símaskrá með einkennismerki VEIT.

### Kántrí-Endó

Fimmtudaginn 10.júní 2010 mun George Bogen röttyllingarsérfræðingur frá BNA halda fyrirlestur í sal Tannlæknafélag Íslands.

Fyrirlesturinn er í tveimur hlutum:

1. Implants versus endodontics (40 mín)
2. The Conservative Restoration of Endodontically Treated Teeth (40 mín)

Fyrirlesturinn hefst kl 17:00. Um kl.19:00 verður svo grillað á svölunum í fallettri sumarblíðu.

Í tilefni af komu Bogen frá Ameríku sláum við upp Kántrí-grillveislu fyrir tannlækna og maka þeirra að loknum fyrirlestri. Allir velkomnir í grillið, einnig þeir sem sitja ekki fyrirlesturinn

**Skráning er nauðsynleg vegna veitinga, skráið ykkur tímanlega.**

### 28. grein siðareglu Tannlæknafélags Íslands.

Að gefnu tilefni er rétt að áréttta 28. greinina, sem snýr að samskiptum tannlækna. Sér í lagi þar sem segir að aðeins skulu framkvæmdar þær aðgerðir sem tannlæknir óskar eftir eða samþykkir

“Vísí félagsmaður sjúklingi sínum til annars tannlæknis skal sá er til er vísað aðeins framkvæma þær aðgerðir sem tannlæknir sjúklings óskar eftir eða samþykkir. Að umbeðinni aðgerð lokinni skal sjúklingi vísað aftur til þess tannlæknis er sendi hann, nema sjúklingur lýsi sig andvígán því, og skal sá tannlæknir sem vísað var til gera honum grein fyrir hvað gert var. Óheimilt er að vísa til þriðja aðila, nema samþykki hins fyrsta komi til.”

### Fréttabyrstir tannlæknar-nýjung!!

Tannlæknafélagið hefur gert samning við Fjölmíðlavaktina um vöktun á efni í fjölmíðlum og netmíðlum. Hægt er að skrá sig inn á vefsvæði og skoða fréttir í blöðum og netmíðlum um tannlækningar. Skrifstofa félagsins hefur aðgang að vefsvæðinu og ef félagsmenn hafa áhuga á að fylgjast með „tannlæknafréttum“ geta þeir fengið aðgangsorð að vefsvæðinu og skráð sig þar inn. Tilvalið fyrir fréttafíkla að bæta enn einni uppsprettunni í safnið.